



# Sýslumannafélag Íslands

Vatnsnesvegí 33, 230 Keflavík, [thorolfur@syslumenn.is](mailto:thorolfur@syslumenn.is) s. 420 2428

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/296**  
**komudagur 20.11.2013**

Reykjanesbæ, 20. nóvember 2013

**Umsögn Sýslumannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 70. mál lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.**

Vísað er til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis þann 7. nóvember 2013 þar sem óskað var umsagnar um þingsályktunartillöguna.

## Almennt

Sýslumannafélag Íslands tekur undir þau meginsjónarmið að leita þurfi leiða til að eyða fjárhagslegum aðstöðumun sem oft og tíðum er á milli heimila þegar foreldrar sem búa ekki saman ákveða að ala upp börn sín saman á tveimur heimilum.

Sýslumenn verða þess varir í störfum sínum á þessu sviði að tíðum er aðstöðumunur milli lögheimilisforeldris og umgengnisforeldris slíkur að hamli eða girði fyrir að unnt sé að koma á jafnri búsetu barna hjá foreldrum sínum, sem þó má telja æskilegt þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns, eins og nú er meginreglan. Slíkt fyrirkomulag er gjarnan nefnt viku og viku eða 7/14 umgengni.

Að mörgu er að hyggja hér að lútandi, ekki síst að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera sem tekur mið af fjölda barna á heimilum, nýtist báðum foreldrum jafnt við umgengni og uppeldi barna sem búa á tveimur heimilum.

Sýslumannafélag Íslands mælir gegn því að blanda hugmyndum um tvöfalt lögheimili barna inn í umræðuna um jafnt búsetuform. Slíkt er til þess fallið að flækja umræðuna verulega. Nær væri að taka til skoðunar hvaða lögfylgjur kunni nú að óþörfu að fylgja lögheimili barns eða lögheimilisforeldri, s.s. bótaréttur ýmiss konar.

f.h. Sýslumannafélags Íslands

Þórólfur Halldórsson formaður